

Myndlistarskólinn á  
Akureyri ehf.  
Ársreikningur 2017

Myndlistarskólinn á Akureyri ehf.  
Kaupvangsstræti 14  
600 Akureyri

Kt. 521201-2310

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið rekur menntastofnun á æðra námsstigi.

Hagnaður varð á rekstri félagsins á árinu 2017 að fjárhæð 1.081 þús. kr. Bókfært eigið fé félagsins var neikvætt um 10.873 þús. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi. Ársverk á reikningsárinu voru 3,6.

Samningar við Menntamálaráðuneytið um framlög vegna komandi skólaára eru ekki frágengnir því er óvissa um fjármögnun á rekstri félagsins í framtíðinni, stjórnendur félagsins gera ráð fyrir að samningar náist um fjármögnun.

Hlutfé félagsins nam í árslok 500 þús. kr. og er það allt í eigu Helga Vilbergs Hermannssonar, kt. 071151-4339 sem er óbreytt frá fyrra ári.

Með hliðsjón af ákvæðum 74. gr. laga nr. 38/1994 um einkahlutafélög er ekki heimilt að úthluta arði til hluthafa á árinu 2018, en vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.


Stjórn og framkvæmdastjóri Myndlistaskólans á Akureyri ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 29. júní 2018.

Í stjórn félagsins:



Framkvæmdastjóri:



# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa Myndlistaskólans á Akureyri ehf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Myndlistaskólans á Akureyri ehf. („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábending

Án þess að gera fyrirvara við álit okkar viljum við vekja athygli á að eigið fé félagsins er neikvætt um 10.873 þús. kr. Veltufjárlutfall í árslok er 0,03. Samningar við Menntamálaráðuneytið um framlög vegna komandi skólaára eru ekki frágengnir. Ef áætlanir stjórnenda um framlög ganga ekki eftir þá er óvissa um fjármögnun á rekstri félagsins í framtíðinni. Við þessar aðstæður leikur vafi á rekstrarhæfi félagsins. Ekki er víst að mat eigna og skulda félagsins væri með sama hætti ef rekstur félagsins legðist af. Framsetning eigna og skuld í efnahagsreikningi miðast við áframhaldandi rekstur.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.